



Regnbogavottun þON Aðgerðaáætlun

Stolt og sýnileiki

Þjónustuver sýnilega regnbogavottað

Þjónustuverið er okkar samræmdu frontur, bæði þON og borgarinnar. Setjum upp borða, fáum regnbogabönd fyrir þjónustufulltrúa og merkjum þjónustuverið sem regnbogavottaða starfsstöð.

Tímarammi: 6-12 mánuðir

Merkingar á starfsstöðvar

Setjum upp regnbogafána á starfsstöðvum þON og sýnum stuðning við hinsegin starfsfólkið okkar.

Tímarammi: 6-12 mánuðir

Regnbogavottun í starfsauglýsingar

Uppfærum starfsauglýsingar þON þannig að þær innihaldi texta um að þON sé regnbogavottað.

Tímarammi: 6-12 mánuðir

Hinseginvæddar undirskriftir

Uppfærum sniðmát í Hönnu fyrir undirskriftir þannig að hægt sé að bæta við fornöfnum. Hóppóstföng sviðsins skulu innihalda merki regnbogavottunar.

Tímarammi: 6-12 mánuðir

Kynlaus klósett í Höfðatorgi

Klósett í Borgartúni eru fyrir öll, en ekki fyrir ákveðin kyn.

Tímarammi: Komið að mestu, áform um að klára á þessu ári.

Aukin og uppfærð fræðsla

Regluleg fræðsla

Setjum aukinn kraft í EKKÓ og hinsegin fræðslu sviðsins með sérstaka áherslu á fræðslu um kynbundið áreiti. Fræðslumolar á Workplace á þriggja mánaða fresti og árleg upprifjun á EKKÓ fræðslu í boði.

Tímarammi: Ótímabundið

Uppfærð nýliðafræðsla

Uppfærum nýliðafræðslu sviðsins með upplýsingum um Regnbogavottun og hinsegin málefni.

Tímarammi: 6-12 mánuðir

Skrifa fræðslu með hinseginleikann í huga

Héðan í frá ætti að skrifa fræðsluefni á vegum sviðsins með hinseginleikann í huga. Til dæmis: Tala um öll, en ekki alla og fólk en ekki menn. Ef taka á dæmi um notanda eða notendahópa að það sé t.d. samkynja par eða kynsegin manneskja. Huga að fræðslu sem tengjast sérstaklega hinsegin málefnum, t.d. hvernig á að skrifa á inngildandi hátt / nota kynhlutlaust mál, hvernig á að nálgast jaðarhópa fyrir notendaprófanir, o.s.frv.

Tímarammi: Ótímabundið

Endurhugsum þá fræðslu sem er til

Förum yfir fræðsluefni sviðsins með fjölbreyti- og hinseginleikagleraugunum. Dæmi: fræðsla um þjónustustefnu, lykla að góðri þjónustu, gagnamál, textagerð o.s.frv.

Tímarammi: 6-12 mánuðir

Meira góðan dag, minna sæll

Uppfæra stílbók Reykjavíkur

Fara yfir og uppfæra stílbók borgarinnar með hinseginleikann í huga. Passa að upplýsingar séu réttar og að tilmæli í sniðmátum bréfa sé að ávarpa kyn jafnt, t.d. með því að segja „Góðan dag“ en ekki „Sæll/l/t“. Kynna út á við að búið sé að uppfæra.

Tímarammi: 6-12 mánuðir

Uppfæra sniðmát í Hlöðu

Fara yfir og uppfæra sniðmát í Hlöðu með hinseginleikann í huga. Passa að upplýsingar séu hinseginvænar og réttar og að tilmæli í sniðmátum sé að ávarpa kyn jafnt, t.d. með því að segja „Góðan dag“ en ekki „Sæll/l/t“. Kynna út á við að búið sé að uppfæra.

Tímarammi: 6-12 mánuðir

Hvetja til notkunar á inngildandi málfari

Stjórnendur tali um kynhlutlaust og inngildandi málfar við sitt starfsfólk og hvetji þau til að nota kynhlutlaus ávörp í t.d. tölvupósti.

Tímarammi: 6-12 mánuðir

Inngildandi vinnulag og verkferlar

Yfirfara gæðahandbók

Fara yfir og uppfæra gæðahandbók sviðsins með fjölbreytileika í huga. Passa að upplýsingar séu inngildandi og réttar. Kynna út á við að búið sé að uppfæra.

Tímarammi: 6-12 mánuðir

Auka fjölbreytni í notendaprófunum

Koma á samtali við hagsmunasamtök og fjölga í hópi notenda sem tilheyra minnihlutahópum, t.d. hinsegin samfélaginu.

Tímarammi: 6-12 mánuðir

Umræða um fjölbreytileika í starfsþróunarsamtölum

Uppfæra handrit fyrir starfsþróunarsamtöl þannig að þau innihaldi samtal um fjölbreytileika.

Tímarammi: 6-12 mánuðir

Hinseginleikinn í máli og myndum

Birta hinsegin tölfræði

Skrifa og birta gagnasögu um hinsegin tölfræði á Gagnahlaðborðinu. Vinna með Þórhildi upp á að vita hvaða gögn væru áhugaverð til birtingar. Yfirfara aðrar sögur á Gagnahlaðborðinu með tilliti til hinseginleika

Tímarammi: Sumarið – birta í kringum Reykjavík Pride í ágúst

Uppfæra myndabanka í Hönnu

Setja inn fleiri myndir í myndabanka Hönnu sem endurspeglar fjölbreytileikann. Láta teikna fleiri myndir. Tala við vefdeild um að gera myndirnar aðgengilegar á vefnum.

Tímarammi: 6-12 mánuðir

Hinsegin fjör og hátíðisdagar

Halda upp á Reykjavík Pride

Halda upp á Reykjavík Pride með fjölbreytileikaviku ÞON.

Tímarammi: Sumarið – ágúst

Halda upp á 17. maí

Halda upp á alþjóðlegan dag gegn fordómum í garð hinsegin fólks.

Tímarammi: 12 mánuðir

